



Framkvæmda- fréttir

4. tbl. /08

Stokkar og mislæg gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar

Síðastliðið haust var verið að skoða mögulegar útfærslur á mislægum gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar og þá lágu fyrir frumdrög að skýrslu þar sem fjallað var um mislæg gatnamót á þremur hæðum og aðliggjandi stokka. Nú er málið aftur komið á dagskrá og því áhugavert að sýna í hvaða átt þessar hugmyndir stefndu. Eftirfarandi texti er stuttur og aðeins breyttur útdráttur úr þessari skýrslu ásamt nokkrum myndum. Rétt er að taka fram að engar ákvarðanir hafa verið teknar um framhaldið.

Inngangur

Hér er fjallað um endurbætur á gatna-kerfi Miklubrautar frá Kringlu og vestur að Snorrabraut/Bústaðavegi og Kringlumýrarbrautar frá Bústaðavegi í suðri og norður fyrir Miklubraut. Verkefnið er unnið fyrir Vegagerðina og Reykjavíkurborg. Í verkefnisstjórn sátu Ólafur Bjarnason, formaður, og Stefán A. Finnsson frá Reykjavíkurborg og Jónas Snæbjörnsson og Magnús Einarsson frá Vegagerðinni. Frumdrögin voru unnin á verkfræðistofunni Línuhönnun og var Baldvin Einarsson verkefnisstjóri.

Miklabraut og Kringlumýrarbraut eru ásamt Reykjanesbraut meginumferðaræðar höfuðborgarsvæðisins. Á skurðpunktum þeirra eru fjölförnu- gatnamót svæðisins. Eru gatnamót Miklubrautar og Kringlumýrarbrautar næstfjölförnu gatnamót landsins með um 80 - 85 þús. bíla umferð á sólarhring. Þar hefur einnig kostnaður vegna umferðaróhappa verið einna hæstur á höfuðborgarsvæðinu. Árið 2005 var ráðist í breikkun gatnamótanna og uppsetningu fjögurra fasa ljósa- stýringar. Við þær aðgerðir liðkaðist verulega um umferð og vísbendingar eru um að alvarlegum slysum hafi fækkað verulega.



Gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.



Tillaga að mislægum gatnamótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Hring- torgið er aðeins 2,5 m hærra en núverandi gatnamót. Mynd: Línuhönnun hf. - Onno ehf.

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 4. tbl. 16. árg. nr. 489 11. feb. 2008

Ritsstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs- framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Pegar hugað er að framtíðarlausn á svo mikilvægum gatnamótum í umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins þarf að skoða stofnbrautakerfið í heild og marka því stefnu. Einn liður í slíkri stefnumörkun var gerð svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins árið 2002. Þar er gert ráð fyrir að Kringlumýrarbraut verði í fríu flæði allt til sjávar við Sæbraut en Miklabraut verði með ljósagatnamót vestan Skeiðarvogs. Frá gerð svæðisskipulagsins hefur byggðarþróun verið með nokkuð öðrum hætti en þar var gert ráð fyrir. Er það bæði að uppbygging hefur verið hraðari en einnig hefur hún verið á öðrum stöðum en ráð var fyrir gert. Skipulagsmál höfuðborgarsvæðisins hafa því verið í sífellndri þróun undanfarin ár og hafa spár um umferð á stofnbrautakerfinu tekið verulegum breytingum í takt við ný uppbyggingaráform. Þessi hraða þróun í skipulagsmálum bendir eindregið til að nauðsynlegt sé að velja sveigjanlegar gatnamótalausnir.

Miklabraut er nú í fríu flæði fyrir austan Grensásveg og síðan eru mismisleg gatnamót við Snorrabrat. Þar á milli eru ljósastýrð gatnamót við Grensásveg, Háaleitisbraut, Kringlumýrarbraut og Lönguhlíð. Eftir að liðkað var fyrir umferð við Kringlumýrarbraut eru mestu tafir á Miklabraut við Grensásveg og Lönguhlíð. Á þessum kafla má segja að gatan sé fullnýtt. Verði Miklabraut í fríu flæði alla leið vestur í Vatnsmýri eykst umferðarrýmnd hennar og má búast við að umferð um hana aukist. Aukningin er vegna umferðar sem nú velur sér aðrar leiðir eftir safngötum og jafnvel íbúðargötum til að forðast umferðartafimar á stofnbrautunum á annatímum.

Kringlumýrarbraut er nú í fríu flæði frá Vífilsstaðavegi í Garðabæ að Listabraut. Umferð um hana hefur aukist hratt undanfarin ár með vaxandi byggð á suðursvæðum höfuðborgarsvæðisins. Mestu tafir á Kringlumýrarbraut eru nú við Listabraut og Háa-

Leiðrétting

Á bls. 8 í síðasta blaði var birt mynd sem ranglega var sögð vera af uppsetningu hraðamyndavéla í Fáskrúðsfjarðargöngum. Rétt er að myndin er tekin í Hvalfjarðargöngum.

Héðinsfjarðargöng


Gröftur Héðinsfjarðarganga gekk vel í viku 5. Ólafsfjarðarmegin voru sprengdir 80 m og er lengd ganga þeim megin frá nú um 2.460 m. Siglufjarðarmegin voru sprengdir 50 m og er lengd ganga þeim megin frá nú um 3.317 m. Samtals er því búið að sprengja 5.777 m eða um 54,6% af heildarlengd.



Hringbraut - Miklabraut séð til austurs.



Samkvæmt tillögu mun Hringbraut - Miklabraut fara niður í stökk austan við mið Bústaðaveg. Mynd: Línuhönnun hf. - Onno ehf.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 4. feb. 2008. Búið er að sprengja 3.317 m í Siglufirði og 2.460 m í Ólafsfirði.




Gatnamót Miklubrautar og Lönguhlíðar.



Íslæg gatnamót við

*Samkvæmt tillögu verður gata ofan á Miklubrautarstokki og hringtorg á gatnamótum við Lönguhlíð.
Mynd: Línuhönnun hf. - Onno ehf.*



Samtals er búið að sprengja 5.777 m sem er 54,6% af heildarlengd.

leitibraut. Verði gerð mislæg gatnamót á henni við Miklubraut er sjálfsagt að gera gatnamótin við Listabraut mislæg líka. Við slíkar aðgerðir má reikna með að gegnumumferð um Kringluna og Hlíðahverfið minnki verulega. Erfitt gæti reynst að gera Kringlumýrabraut mislæga norðan við Miklubraut vegna þéttleika gatnamóta. Það er e.t.v. ekki heldur æskilegt vegna nálægðar við miðbæjar-svæðin við Laugaveg og Borgartún.

Lítið hefur verið til þess að ný stofnbraut, Hlíðar-fótur, í göngum undir Öskjuhlíð muni léttu umferð af bæði Miklubraut og Kringlumýrabraut. Þótt tilkoma Hlíðarfótar hægi nokkuð á umferðaraukningu á gatnamótum Kringlumýrabrautar og Miklubrautar hefur hún mest áhrif á umferð um Bústaðaveg. Líklegt er að gerð Hlíðarfótar verði í beinum tengslum við aukna uppbyggingu á flugvallarsvæðinu.

Með vaxandi umferð á gatnakerfinu hafa vandamál vegna umhverfisáhrifa frá umferð vaxið að sama skapi. Hér er fyrst og fremst um að ræða vandamál vegna hávaða, loftmengunar og svífryks. Þar sem vandamálin eru háð fjarlægð byggðar frá götunum eru þau verst við Miklubrautina milli Stigahlíðar og Lönguhlíðar. Þau eru þó veruleg við báðar stofnbrautirnar. Í auknum mæli er því verið að líta til lausna þar sem hægt er að draga úr umhverfisáhrifum umferðarinnar. Loftmengun minnkar alment með gerð mislægra gatnamóta en á móti kemur að svífryk eykst með auknum umferðarhraða um slík gatnamót. Mest áhrif á hávaða við umferðaræðarnar nást með því að leiða hluta umferðarinnar í stökk.

Hér er kynnt tillaga að mislægum gatnamótum ásamt stökkum í Miklubraut og Kringlumýrabraut. Lýst er mögulegri framkvæmdaröð og framkvæmda-kostnaður metin.

Gatnamót og stokkar

Grunnhugmyndin að endurbótum á gatnakerfi Kringlumýrabrautar frá Bústaðavegi að Háaleitisbraut og Miklubrautar frá Kringlumýrabraut að Bústaðavegi/Snorrabraut er að aðgreina nær-umferð og fjarumferð eins og kostur er. Þannig er Kringlumýrabrautin fyrir fjarumferð í stokki frá því sunnan við Listabraut og norður fyrir Miklubraut en nær-umferðin á yfirborði með gatnamótum við Listabraut, Hamrahlíð og mislæg gatnamót við Miklubraut. Með sama hætti er Miklubrautin með mislæg gatnamót við Kringlumýrabraut og síðan í stokki frá Stakkahlíð og vestur fyrir Rauðarárstíg. Ofan á stökknum er gata á yfirborði með gatnamót við Stakkahlíð, Lönguhlíð, Reykjahlíð og Rauðarárstíg og tengist hún loks Bústaðavegi í vest-urendann við mislægu gatnamótin við Hringbraut.

Gatnamót Kringlumýrabrautar og Miklubrautar

Á gatnamótum Kringlumýrabrautar og Miklubrautar er gert ráð fyrir þriggja hæða gatnamótum þar sem bæði Kringlumýrabraut og Miklubraut eru í fríu flæði, en allir beygjustraumar fari um hringtorg. Kringlumýrabraut liggur neðst á 2x2 akreinum, er mikið niðurgrafin (allt að 10 m neðan við núverandi land) í lokuðum stokki. Miklubraut er einnig 2x2 akreinar, niðurgrafin um u.þ.b. 4 m miðað við hæð



Kringlumýrabraut séð til norðurs.




Samkvæmt tillögu mun Kringlumýrabraut fara niður í stökk sunnan við gatnamótin við Hringbraut.
Mynd: Línuhönnun hf. - Onno ehf.

lands í opinni skeringu. Efst er hringtorgið í 2 til 2,5 m hæð yfir núverandi landi. Hringtorgið er með tveimur akreinum og er innra þvermál þess um 70 m. Frá hringtorginu liggja tvöfaldir rampar niður á aðreinar og fráreinar Miklubrautar og Kringlumýrabrautar. Rampar á Kringlumýrabraut til norðurs eru langir þar sem hæðarmunur er um 12 m. Til suðurs tengist hringtorgið ekki ofan í stökkinn í Kringlumýrabraut heldur yfirborðsgötu ofan á honum.

Mögulegt hefði verið að stytta rampa að Kringlumýrabraut með því að hafa hringtorgið á miðhæðinni og láta Miklubraut



Hljóðvist við núverandi gatnamót.



ót við Listabraut.

Hljóðvist ef tillagan sem hér er kynnt kemur til framkvæmda.

vera efst. Það var hins vegar talið síðra vegna meiri umferðarhávaða. Á hringtorginu er bæði minni umferð og hægari.

Kringlumýrarbraut til suðurs

Frá stokknum í Kringlumýrarbraut undir Miklubraut heldur stökkur áfram til suðurs og opnast ekki fyrr en sunnan við Listabraut. Heildarlengs stokksins í Kringlumýrarbraut er því um 650 m. Ramparnir af hringtorginu í mismörgu gatnamótunum tengjast við yfirborðsgötu, breiðgötu, ofan á stokknum. Breiðgatan er með gatnamót í plani og umferð-

arljósum við Hamrahlíð og er reiknað með nýrri tengingu við Kringlusvæðið um gatnamótin. Einnig eru gatnamót við Listabraut með umferðarljósum. Loks tengist breiðgatan með römpum við Kringlumýrarbrautina og við rampana ofan af brúnni á Bústaðavegi. Reiknað er með rölegri umferð á breiðgötunni þar sem stutt er milli gatnamóta.

Þar sem Kringlumýrarbraut frá suðri er ekki tengd með beinum hætti við mismörgu gatnamótin við Miklubraut verður umferð að sunnan sem á leið inn á Miklubraut að fara upp á breiðgötuna og um tvenn gatnamót áður en hún kemst á



hringtorgið. Á sama hátt fer umferð að og frá Listabraut og Hamrahlíð um breiðgötuna og hringtorgið á mislægu gatnamótunum til að komast á Kringlumýrabraut og Miklubraut

Miklubraut milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar

Miklubraut er í lokuðum stokki milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar. Ofan á honum er tveggja akreina yfirborðsgata fyrir nærúmfærð. Gatnamót við Stakkahlíð eru með hringtorgi. Það opnar leið fyrir umferð yfir Miklubraut á þessum stað sem ekki er möguleg nú.

Reiknað er með að gatnamót yfirborðsgötu við Lönguhlíð verði með Hringtorgi. Hringtorgið er einfalt með hægribeygjuframhjállaupi á norðvesturhorninu. Reiknað er með að umferð um torgið verði rúm 20 þús. bílar á sólarhring

Stokkur í Miklubraut vestan Lönguhlíðar

Reiknað er með að hægt sé að framlengja stokkinn í Miklubraut alla leið frá Stakkahlíð og vestur fyrir Rauðarárstíg. Heildarlengd stokksins verður þá um 700 m.

Ofan á stokknum er reiknað með tveggja akreina yfirborðsgötu fyrir nærúmfærð sem tengist gatnamótunum (hringtorgi) við Lönguhlíð að austan en Bústaðavegi að vestan. Vestari gatnamótin tengjast Bústaðavegi á sama stað og slaufurnar í gatnamótum Bústaðavegar og Hringbrautar og gefa því


aðgang að stofnbrautakerfi borgarinnar. Reiknað er með litlum hringtorgum við Reykjahlíð og Rauðarárstíg og e.t.v gatnamótum við Eskihlíð og/eða Skógarhlíð. Vegna lítilla fjarlægða milli hringtorga og gatnamóta á yfirborðsgötunni verður umferðarhraði mjög takmarkaður.

Göngu- og hjólastígar

Gatnamótin við Miklubraut bjóða upp á mjög góða möguleika fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur sem fara eftir aðalstíg norðan við Miklubraut með nýrri mislægrri þverun við Kringlumýrabraut. Sömuleiðis er gert ráð fyrir nýrri mislægrri gönguþverun sunnan Miklubrautar. Hæðarbreytingar eru tiltölulega litlar. Umferð með fram Kringlumýrabraut er erfiðari. Þar þurfa gangandi og hjólandi vegfarendur að taka krók á sig talsvert fram hjá aðalgatnamótunum inn á mislægar þveranir um núverandi undirgöng austan gatnamótanna eða um nýja göngubrú sem ráðgert er að byggð verði yfir Miklubraut vestan þeirra.

Gönguleiðir með fram Kringlumýrabraut til suðurs verða að mestu eins og nú er. Nú verður hægt að þvera bæði breiðgötuna og hliðargötur á öllum gatnamótum. Þó er reiknað með að undirgöng verðir gerðir undir Listabraut við gatnamótin.

Gönguleiðir með fram Miklubraut til vesturs verða einnig að mestu eins og nú er. Aðalgöngustígurinn er norðan við



Loftmynd: Loftmyndir ehf.

götuna og tengist nú með betri hætti göngustígnum sunnan við hana á móts við Rauðarárstíg sem liggur sunnan nýju Hringbrautar og tengist síðar aðalgöngustíg sem liggur niður í Nauthólsvík.

Aðgengi

Aðgreining fjarumferðar og nærumferðar skapar gjörbreytta möguleika á tengingum íbúðahverfa og þjónustu. Tenging Kringlusvæðisins verður mun auðveldari með nýrri tengingu á móts við Hamrahlíð. Má segja að stokkur í Kringlumýrabraut sé forsenda fyrir þeirri uppbyggingu á Kringlusvæðinu sem áform eru uppi um. Aðgengi að Suðurverfi og Hlíðahverfi verður einnig betra af yfirborðsgötu en nú er.

Þá má reikna með að gegnumakstur um Hlíðahverfi og Háleitishverfi minnki verulega þegar umferðarlæði á stofnbrautunum batnar. Umferð um stofnbrautirnar kemur til með að aukast að sama skapi.

Umferð sem á leið norður Kringlumýrabraut og vestur Miklubraut þarf að fara upp á yfirborðsgötu sunnan Listabrautar, gegnum tvenn ljósagatnamót og hringtorg til að komast inn á Miklubraut. Á sama hátt þarf umferð að austan og suður Kringlumýrabraut af fara sömu leið eftir yfirborðsgötunni. Þrátt fyrir þetta verða þessar leiðir greiðfærari en nú er.

Almenningsvagnar

Allar leiðir fyrir almenningsvagna eru greiðar í þessari lausn. Almennt er reiknað með að þeir aki á yfirborðsgötum. Ekki er reiknað með að almenningsvagnar fái sérakreinar á yfirborðagötum. Einnig er möguleiki á að hraðleiðir fari í stokkum.

Áfangaskipting

Framkvæmdirnar skiptast auðveldlega í þrjá aðskilda áfanga. Stærsti áfanginn, K, er mislægu gatnamótin á Kringlumýrabraut og Miklubraut ásamt stokknum í Kringlumýrabraut til suðurs ásamt breiðgötunni á yfirborði. Æskilegt væri að skipta þessum áfanga í tvennt en það er erfitt. Það er þó mögulegt með því að halda stokknum í Kringlumýrabraut lokuðum fram í seinni hlutann og halda allri umferðinni á yfirborði á meðan.

Næsti áfangi, M1, er að gera stokk í Miklubraut milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar og tengja við núverandi Miklubraut við Miklatún. Einnig að gera yfirborðsgötu og gatnamót við Stakkahlíð og Lönguhlíð. Röð þessara áfanga má hæglega snúa við, þ.e. byggja stokkinn í Miklubraut á undan gatnamótunum við Kringlumýrabraut. Við ákvörðun á framkvæmdaröð þarf að taka mið af arðsemi áfanganna, fjármögnun og umhverfisáhrifum.

Síðast áfanginn, M2, er svo að lengja stokkinn í Miklubraut vestur fyrir gatnamótin við Rauðarárstíg og gera yfirborðsgöt-

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaæildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	08
08-015 Strandarvegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfliót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (42), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Sláttudalur	08
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðárheiði	08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) og Sprengisandsleið (F26)	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08
08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik	08
08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði 2008	08
08-053 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilstaðaveg	08
08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010	08
08-045 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, vesturhluti	08
08-044 Efnisvinnsla Norðvestursvæði 2008-2009, norðurhluti	08
08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik	08
08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing	08
08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	08
08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“	08
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	08
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	08
08-043 Festun og yfirlögn á Norðvestursvæði 2008-2009	08
08-028 Mýrdalsjökulsvegur (222), Skálavegur (246), Skógar að byggðasafni (2288)	08
08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	08
08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti	08

una sem tengist vestur á Bústaðaveg. Einnig að gera gatnamót við Reykjahlíð, Rauðarárstíg og e.t.v. Eskihlíð og Skógarhlíð. Helsti kostur hans er bætt umhverfi, en hann hefur lítil áhrif á flæði umferðar á Miklubraut.

Aðgerðir á framkvæmdatíma

Aðgerðir á framkvæmdatíma eru mjög viðamiklar. Í fyrsta áfanga þarf að flytja Kringlumýrarbrautina til austurs inn á bílastæðin við Hús verslunarinnar og Morgunblaðshússins á meðan stokkurinn er gerður og færa gatnamótin við Miklubraut til. Stokkurinn í Kringlumýrarbraut fer niður á 10 m dýpi þar sem hann fer undir Miklubrautina. Dýpi á klöpp er þar um 4-6 m þannig að sprengingar á klöpp eru umtalsverðar. Sunnar er stokkurinn rétt undir yfirborði svo sprengingar á klöpp eru takmarkaðar nema syðst þar sem dýpi á klöpp fer minnkandi.

Stokkur milli Stakkahlíðar og Lönguhlíðar er einnig mjög erfiður í byggingu ef halda á umferð á Miklubrautinni á byggingartíma.

Umferð um Miklubraut er um 43 þús. bílar á sólarhring á þessum stað. Hugsanlega er hægt að halda 2-3 akreinum opnum á byggingartíma.

Kostnaður


Í kostnaðaráætlun er reiknað með einingaverðum í mars 2007. Bætt hefur verið 20% við fyrir ófyrirséðum kostnaði og hönn-



un, umsjón og eftirlit hefur verið áætlað 18%. Það hefur verið fært sem sérstakir liðir í áætlunina fyrir hvern áfanga. Þá er heildarkostnaður 12,2 milljarðar króna. Kostnaður vegna uppkaupa eigna er ekki innifalinn og kosnaður við bráða-birgðaaðgerðir á verktíma áætlaður gróflega. Áætlun um kostnað vegna færslu lagna var gerð af Orkuveitu Reykjavíkur fyrir hluta framkvæmdanna en aðrir hlutar voru gróflega áætlaðir.

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
08-027 Búrfellsvegur (351), Biskupstungnabraut - Hæðarendi	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bungulói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	08
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Unaós	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
08-004 Dagverðareyryrvegur (816), Hringvegur - Skjaldarvík	08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Skriða - Björg	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Sláttudalur - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álftanesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	08
07-086 Strandavegur (643), Djúpvvegur - Drangsnarvegur	08

Fyrirhuguð útboð, framhald	Auglýst:
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	08
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	08
Auglýst útboð	Auglýst: Opnað:
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	11.02.08 26.02.08
08-041 Yfirborðsmerkingar, vegmálun 2008-2010	04.02.08 19.02.08
07-091 Auðsholtsvegur (340) um Syðra Langholt	04.02.08 19.02.08
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - Norður-Bár	28.01.08 12.02.08
08-001 Hringvegur (1), brú á Rangá hjá Flúðum	28.01.08 19.02.08
Útboð á samningaborði	Auglýst: Opnað:
07-101 Niðurrekstrarstaurar fyrir Héðinsfjarðará	14.01.08 29.01.08
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	03.12.07 15.01.08
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	26.11.07 15.01.08
07-062 Óshlíðargöng	07.08.07 22.01.08
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	03.12.07 18.12.07
Samningum lokið	Opnað: Samið:
Ekki hefur verið samið um nein verk frá því síðasta blað kom út.	





Vetur 2008 - Ráðstefna um vetrarþjónustu á Akureyri 2.-4. apríl 2008

Ráðstefna Vegagerðarinnar um vetrarþjónustu „Vetur 2008“ verður haldin á Akureyri dagana 2. - 4. apríl.

Fundarstaður er Nýja bíó Akureyri. Viðfangsefni ráðstefnunnar er almenn þjónusta og öryggi sem tengist akstri að vetrarlagi.

Í tengslum við ráðstefnuna verður einnig sýning á tækjum og búnaði á Akureyrarflugvelli.

Frekari upplýsingar gefur Ingibjörg Hjálmsfríðardóttir, imma@congress.is

Skráning á ráðstefnuna fer fram á vef Vegagerðarinnar, vegagerdin.is. Skráningarfrestur er til 20. febrúar.

Í tengslum við ráðstefnuna verður sýning á tækjum og búnaði við vetrarþjónustu og einnig munu fyrirtæki sem vinna við og/eða selja hugbúnað eða annan búnað tengdum vetrarþjónustu kynna það sem þeir hafa upp á að bjóða.

Gisting

Tekin hefur verið frá gisting fyrir þátttakendur ráðstefnunnar og þarf að bóka gistinguna um leið og skráning á ráðstefnuna fer fram. Gisting greiðist beint til viðkomandi hótels, við brottför

Skráningargjald

Þátttökugjald er kr. 39.000. Innifalið er ráðstefnugögn, kaffiveitingar, þrír hádegisverðir og tveir kvöldverðir.

Auglýsingar útboða

Leirársveitarvegur (504),

Leirá – Svínadalsvegur 07-010

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í lögnum Leirársveitarvegur á 4,5 km kafla frá Leirá að Svínadalsvegi. Vegurinn skal vera 6,5 m breiður með bundnu slitlagi.

Helstu magntölur eru:

Skering samtals	22.000 m ³
- þar af bergskering	10.000 m ³
Fylling	27.700 m ³
- þar af unnið efni	7.700 m ³
Fláafleygar	10.700 m ³
Neðra burðarlag	13.800 m ³
Efra burðarlag	4.100 m ³
Malarslitlag	151 m ³
Tvöföld klæðing	29.100 m ²
Frágangur fláa	46.500 m ²
Ræsalögn	297 m
Bitavegrið	168 m
Reiðstígur	3.900 m
Rofvörn	100 m
Uppsetning girðinga	4.400 m

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. október 2008. Lögnum slitlags skal lokið 15. september 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgarbraut 66 í Borgarnesi, Dagverðardal á Ísafirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 11. febrúar 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 þriðjudaginn 26. febrúar 2008 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Flug

Flugfélag Íslands býður sérstök kjör á flugi milli Reykjavíkur og Akureyrar í tengslum við ráðstefnuna og er fargjaldið eingöngu bókanlegt hjá hópadeild Flugfélags Íslands í síma 570-3075 milli kl. 09:00 og 16:00 virka daga. Senda má einnig vefpóst á hopadeild@flugfelag.is.

Flugverð kr. 7.300,- aðra leiðina (til/frá Akureyri ef flogið er alla daga nema föstudaga)

Flugverð kr. 8.300,- aðra leiðina (til/frá Akureyri ef flogið er á föstudögum)

Ahugið að verð eru með flugvallarsköttum.

Dagskrá:

2. apríl

- Rútur frá flugvelli að Hótel KEA
- 11:00 - 13:00 Skráning í Nýja bíó
- 13:00 Skipun fundarstjóra, kynning á dagskrá
- 13:15 Ráðstefnan sett, *Kristján Möller samgönguráðherra*
- 13:30 Ávarp, *vegamálastjóri*
- 13:45 COST verkefni, stefnumótun um vetrarþjónustu í Evrópu. *Björn Ólafsson, Vegagerðin*
- 14:15 Veður, veðurspár og vetrarþjónusta, *Einar Sveinbjörnsson, Veðurvaktin*
- 14:45 Fyrirspurnir og umræður
- 15:15 Vetrarþjónusta og umferðaröryggi. *Skúli Þórðarson, Vegsýn*
- 15:45 Kaffi, Nýja bíó
- 16:15 Vetrarþjónusta í þéttbýli. *Guðbjartur Sigfússon, Reykjavíkurborg*
- Helgi Már Pálsson, Akureyrarbær*
- 17:00 Fyrirspurnir og umræður
- 17:30 Fundi slitið.
- 19:00 Kvöldverður á Hótel KEA

3. apríl

- 08:00 Elit kerfið, *Nicolai Jónasson, Vegagerðin*
- 08:30 Mælubúnaður við vegi, vöktun, umhirða, verklagsreglur. *Karl Jónsson Vegagerðin*
- 09:00 Ferilvöktun, aðgerðaskráning og gagnavinnsla. *Einar Pálsson, Vegagerðin*
- 09:30 Fyrirspurnir og umræður
- 10:00 Kaffi, Nýja bíó
- 10:30 Vinterman og skipulag vetrarþjónustu í Danmörku. *Freddy Knudsen, Bo Sommer*
- Vejdirektoratet Kaupmannahöfn, Stefán Sigurðsson Ístak*
- 12:00 Fyrirspurnir og umræður
- 12:30 Hádegisverður á Hótel KEA
- 13:30 Verkefni þjónustumiðstöðva. *Sveinn Sveinsson, Vegagerðin*
- 14:00 Snjótennur, stilling og umhirða á tækjabúnaði. *Daníel Árnason, Þórarinn Ólafsson, Vegagerðin*
- 14:30 Fyrirspurnir og umræður
- 15:00 Sýning á tækjum og búnaði á Akureyrarflugvelli (Rútur til og frá flugvelli)
- 19:30 Hátíðarkvöldverður, Hótel KEA

4. apríl

- 08:30 Skipulag verktaka í vetrarþjónustu, *Hilmar Ólafsson/Guðmundur Þorgrímsson*
- 09:00 Hálkuvarnir, *Ásbjörn Ólafsson, Jóhann Skúlason, Vegagerðin*
- 09:30 Fyrirspurnir og umræður
- 10:00 Kaffi, Nýja bíó
- 10:30 Gæðaúttektir í vetrarþjónustu: *Einar Gíslason, Guðmundur Ragnarsson, Vegagerðin*
- 11:00 Fyrirspurnir og umræður
- 11:30 Samantekt og niðurstöður
- 12:00 Fundarslit
- 12:30 Hádegisverður á Hótel KEA
- 14:00 Rútur frá KEA á flugvöll